

- róðri þeim, sem hófst 4. marz 1956, skuli skipt milli skipverja, að skipstjóra fráteknum, vísast frá dómi.
2. Stefnandi á að vera sýkn af gagnkröfu stefnda um að heimilt sé að róa eftir kl. 1800 hinn 1. maí.
 3. Það var brot á 14. gr. framangreinds kjarasamnings aðilja, að m/b Fróði fór í róður kl. 1430 hinn 4. marz 1956, og skal stefndi greiða kr. 500.00 í Vinnudeilusjóð Verkalýðsfélagsins Jökuls.

Stefndi, Landssamband isl. útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Ólafsvíkur vegna Viglundar Jónssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls, kr. 1500.00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1957.

Nr. 9/1956.

Alþýðusamband Íslands vegna Landssambands vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinumálasambandi samvinnufélaganna vegna Kaupfélags Eyfirðinga

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Bifreiðastjórar. Frávísunarkrafa, sem byggð var á því, að kjarasamningur milli vörubílstjórafélags og atvinnurekanda væri ekki kjarasamningur í merkingu laga nr. 80/1938, ekki tekin til greina.

Úrskurður:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 7. júní f. á. af Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands

vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjóraráfélagsins Vals á Akureyri gegn Vinumálasambandi samvinnufélaganna vegna Kaupfélags Eyfirðinga. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að stefndi hafi gerzt brotlegur við 6. gr. kaup- og kjarasamninga málsaðilja, dags. 13. september 1954 og 10. júní 1955, og sé skaðabótaskyldur gagnvart Vörubílstjóraráfélaginu Val vegna félagsmanna þess félags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara hefur hann krafizt sýknu. Þá hefur hann gert kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málið hefur verið flutt munnlega, sérstaklega að því er frávisunarkröfuna varðar, og kemur hún ein til álita, að þessu sinni.

Málavextir eru þeir, að hinn 13. september 1954 var gerður samningur milli aðilja máls þessa um kaup og kjör vörubílaeigenda á Akureyri. Samkvæmt 6. gr. þess samnings skuldbatt stefndi sig til þess, að „láta fullgilda meðlimi Vals hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með vörubifreiðum á félagssvæði Vals“ Þessi samningur var síðan framlengdur með samningi, dags. 10. júní 1955, og eru ofangreind ákvæði tekin orðrétt upp í 6. gr. hans.

Stefndi byggir kröfu sína um visun málsins frá Félagsdómi á því, að Vörubílstjóraráfélagið Valur sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og framangreindir samningar hans við stefnanda (Val) því ekki þess konar vinnusamningar, sem 2. mgr. 44. gr. nefndra laga taki til. Hafi og við undirritun þeirra beggja verið gerður sá fyrirvari af hálfu vinnuveitenda, þar á meðal stefnda, að samningsgerðin fæli ekki í sér viðurkenningu á því, að Valur væri stéttarfélag í merkingu nefndra laga.

Framangreindar staðhæfingar sínar styður stefndi þeim rökum, að samkvæmt l. nr. 80/1938 og skýringum Félagsdóms á þeim, séu stéttarfélög í merkingu nefndra laga félagsskapur fólks, sem sé í þjónustu annarra og þiggi laun

fyrir vinnu sína. Þessi skýring eigi hins vegar ekki við um félagsmenn Vörubílastjórufélagsins Vals, því það verði hvorki sagt um þá, að þeir séu í þjónustu annarra í starfi sínu né heldur, að þeir taki laun fyrir vinnu sína. Hér sé þvert á móti um að ræða menn, sem eigi dýrt tæki, vörubifreið, og reki þá starfsemi, að selja not þessa tækis. Aðaltekjur þeirra séu afraksturinn af því fjármagni, sem í tækinu sé fólgið, en vinnan eða launin fyrir hana algert aukaatriði. Af þessu leiði, að félagsmenn Vals verði síður en svo taldir andstæða atvinnurekenda, heldur séu þeir þvert á móti hliðstæðir þeim um starfsaðstöðu. Þá bendir stefndi einnig á það, að á Norðurlöndum séu sjálfseignarvörubifreiðarstjórar yfirleitt taldir sér í flokki, sem atvinnurekendur, er ekki geti verið aðiljar að verklyðssamtökum. Í samræmi við þessa skoðun sína telur stefndi, að samningar Vals við hann séu ekki vinnusamningar í skilningi framangreindra laga, nr. 80/1938, jafnvel þótt þeir fjalli um kaup og kjör, þar sem ákvæði laganna eigi aðeins við um vinnusamninga, sem stéttarfélög eru aðiljar að. Þetta hafi það í för með sér, að þeir samningar málsaðilja, sem um ræðir í þessu máli, séu aðeins almennir viðskiptasamningar. Eigi Félagsdómur því ekki að skera úr ágreiningi um skilning á þeim, heldur hinir almennu dómstólar og beri því að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur ekki neitað því, að stefndi hafi undirritað framangreinda kjarasamninga með þeim fyrirvara, sem að framan getur. Hins vegar telur hann, að sá fyrirvari hafi verið algerlega þýðingarlaus, þar sem enginn vafi leiki á því, að félagsmenn Vals séu launþegar samkvæmt lögum nr. 80/1938, er stofnað geti stéttarfélag með réttindum og skyldum samkvæmt þeim lögum. Kveður hann, að það hafi frá öndverður verið ríkjandi skoðun hér á landi, að sjálfseignarvörubifreiðastjórar ættu samstöðu með verkafólki í hagsmunabaráttu þess, enda hefðu þeir frá upphafi ýmist verið í verkalýðsfélögum landsins eða stofnað sínar eigin félagsdeildir innan stéttarfélaganna og síðar stéttarfélög. Komi viðurkenning á lögmæti þessa fram í ýmsum dómum Félagsdóms í málum, sem þar hafi verið rekin, milli

samtaka sjálfseignarvörubifreiðastjóra annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Það verði því ekki á nokkurn hátt véfengt, að Valur sé stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 og framangreindir samningar þess við stefnda vinnusamningar í skilningi sömu laga, er Félagsdómur eigi að fjalla um samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laganna.

Þegar notkun vörubifreiða hófst hér á landi, varð þróunin strax sú, að þeir sjálfseignarvörubifreiðastjórar, sem óku bifreið sinni sjálfir, gerðust beinir félagsmenn í verkalýðsfélögum og lutu reglum þeirra og samningum við atvinnurekendur. Var sá háttur kominn á þegar lög nr. 80/1938 voru sett. Þá er sjálfseignarvörubifreiðastjórum fjölgaði, mynduðu þeir fyrst sérstakar deildir innan verkalýðsfélaganna og stóðu að öllu leyti við hlið verkamanna og annarra launþega í hagsmunabaráttunni við atvinnurekendur. Síðar gerðust þessar deildir sjálfstæð félög sjálfseignarvörubifreiðastjóra og mynduðu sérstakt landssamband. Það samband gekk strax í Alþýðusamband Íslands, og standa sjálfseignarvörubifreiðastjórar þannig ennþá í svipuðu sambandi við verkalýðshreyfinguna og áður var, meðan þeir voru beinir félagsmenn í verkalýðsfélögunum. Það mun hafa verið reglan, að þeir sjálfseignarvörubifreiðastjórar, sem í verkalýðfélögunum voru eða í sérstökum deildum innan þeirra, ættu aðeins eina vörubifreið og ækju henni sjálfir.

Eftir að sá háttur var upp tekinn, að stofnaðar voru sérstakar deildir sjálfseignarvörubifreiðastjóra innan verkalýðsfélaganna, og síðar sjálfstæð félög, sömdu deildirnar eða félögin við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna. Hefur ágreiningur um skilning á slíkum samningum eða gildi þeirra nokkrum sinnum verið borinn undir Félagsdóm til úrlausnar og með þau mál farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938, án þess að atvinnurekendur hreyfðu nokkrum athugasemdum við þá málsmeðferð, eða áfrýjuðu dómum Félagsdóms í þeim málum til Hæstaréttar til frávisunar frá Félagsdómi samkvæmt 67. gr. nefndra laga.

Samkvæmt samþykktum Vörubilstjórafélagsins Vals er tilgangur félagsins að efla samvinnu og hag sjálfseignarvörubifreiðastjóra á félagssvæði þess, Akureyri, með því

m. a., að gera samninga við atvinnurekendur um kaup og kjör. Rétt til inngöngu í félagið og að vera félagsmaður í því hafa allir sjálfseignarvörubifreiðastjórar á félagssvæðinu, sem eiga aðeins eina vörubifreið, enda hafi þeir að aðalvatvinnu að aka henni sjálfir. Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að tillaga um vinnustöðvun hefur komið fram á félagsfundu eða í trúnaðarmannaráði, þar til vinnustöðvuninni hefur verið aflýst, ef hún kom til framkvæmda. Enginn getur sagt sig úr félaginu til þess að taka upp vinnu, sem félagsmenn í félögum innan Landssambands vörubifreiðastjóra eða Alþýðusambands Íslands hafa lagt niður vegna deilu. Trúnaðarmannaráð félagsins hefur vald til þess, að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Félagið er í Landsambandi vörubifreiðastjóra, sem er í Alþýðusambandi Íslands.

Af þessum ákvæðum samþykktu Vals er ljóst, að félagið er opið öllum sjálfseignarvörubifreiðastjórum á félagssvæðinu og að félagsmenn þess vinna sjálfir í þeirri starfsgrein, sem félagið er stofnað til hagsbóta fyrir. Félagmenn Vals stunda að vísu vinnu sína, bifreiðaakstur, með tiltölulega dýru tæki. En á það ber að líta, að starfsorka þeirra sjálfra er bundin stjórn þess tækis, bifreiðarinnar, og starfslaun þeirra að öllu leyti falin í því endurgjaldi, sem þeir fá fyrir þá þjónustu, sem þeir að jafnaði láta persónulega í té með bifreið sinni. Jafnframt er ljóst, að þeir hljóta um fjölmargt að vera háðir fyrirmælum þess, sem kaupir þjónustu þeirra, þótt það fari að sjálfsögðu nokkuð eftir atvikum hverju sinni, hversu sambandið milli bifreiðarstjórans og vinnuveitandans er náð.

Þegar virt eru öll þessi atriði og jafnframt litið til framangreindrar þróunar um stéttarlega afstöðu sjálfseignarvörubifreiðastjóra hér á landi, sem og þeirra dóma, sem dæmdir hafa verið af Félagsdómi í málefnum sjálfseignarvörubifreiðastjórafélaga, þá verður að telja að framangreindir samningar Vörubilstjórafélagsins Vals við stefnda séu vinnusamnar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda í merkingu laga nr. 80/1938. Er mál þetta því réttilega lagt fyrir Félagsdóm

samkvæmt 2. mgr. 44. gr. sömu laga, og verður frávisunar-
krafa stefnda samkvæmt þessu ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er mál þetta verður
dæmt að efni til.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um vísun máls þessa frá Félagsdómi
verður ekki tekin til greina.¹⁾

Þriðjudaginn 26. marz 1957.

Nr. 12/1956. **Stéttarfélag verkfræðinga f. h. Jóhanns Jak-
obssonar** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Rannsóknarráði ríkisins f. h. Atvinnudeild-
ar Háskólans** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

**Varadómari Ragnar Jónsson í
stað Gunnl. E. Briem.**

Verkfræðingar. Deildarstjóri iðnaðardeildar Atvinnudeildar
háskólans eigi talinn hafa samningslegan rétt til yfirverk-
fræðingslauna samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags.
13. september f. á. af Stéttarfélagi verkfræðinga f. h. Jó-
hanns Jakobssonar deildarstjóra iðnaðardeildar Atvinnu-
deildar Háskólans gegn Rannsóknarráði ríkisins vegna At-
vinnudeildar Háskólans. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að
dæmt verði, að staða Jóhanns Jakobssonar við iðnaðardeild
Atvinnudeildar Háskólans skuli, að því er launakjör snertir,
talin svara til yfirverkfræðingsstöðu samkvæmt 2. gr. kjara-
samnings, dags. 28. júlí 1955, milli stefnanda og ríkissjóðs,
og að greiða beri honum laun samkvæmt því. Þá krefst stefni-

1) Þessi úrskurður var staðfestur í Hæstarétti 8. marz 1957.
Hrd. XXVIII, bls. 185.